

Fornleifakönnun vegna ný- og endurlagningar Vestfjarðavegar nr. 60

Frá Eiði í Vattarfirði að Þverá í Kjálkafirði

Unnið fyrir Vegagerðina



Margrét Hallmundsdóttir
Caroline Paulsen

Ágúst 2008
NV nr. 15-08

1. Inngangur	3
2. Markmið og aðferðir	3
4. Skrá yfir fornleifar	4
Litlanes.....	5
Kirkjuból	6
Auðshaugur	10
6. Niðurstöður	11
Vegagerð	12
7. Kort	13
8. Heimildaskrá.....	20

1. INNGANGUR

Fyrirhugað er að hefja vegaframkvæmdir frá Eiði í Vattarfirði að Þingmannaá í Vatnsfirði. Að ósk Vegagerðarinnar tók Fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða að sér að gera fornleifakönnun fyrir svæðið.

Svæðinu var skipt í tvo hluta, annar hlutinn frá Eiði að Þverá í Kjálkafirði og hinn frá Þverá að Þingmannaá í Vatnsfirði. Í þessari skýrslu birtist skrá yfir fornleifar á svæðinu frá Eiði í Kerlingafirði og rétt suður fyrir Þverá í Kjálkafirði.

Vegstæðið fer um lönd jarðanna Kirkjuból, Litlanness og Auðshaug. Eingöngu er búið á Auðshaug en aðrar jarðir eru í eyði.

Vettvangsvinna fór fram með hléum frá janúar 2008 og fram á vor og sáu Caroline Paulsen og Margrét Hallmundsdóttir um þá vinnu ásamt skýrsluskrifum.

2. MARKMIÐ OG AÐFERÐIR

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 segir að löggin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga löggin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 11. gr. segir: „Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.“

Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem: „hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a) búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b) vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógrofum, kolagrofum og rauðablæstri;
- c) gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d) gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e) virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f) gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g) áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;

- h) haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i) skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.“

Í 10. grein Þjóðminjalaga segir enn fremur: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.“

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Fornleifavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.). Ef óþekktar fornleifar koma í ljós við jarðrask skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmdir á staðnum og þar til ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins liggur fyrir varðandi hvort eða með hvaða skilyrðum framkvæmdin getur haldið áfram (sjá 13.gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

Aðferðafræði

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar.

Við vettvangsvinnu var farið yfir svæðið í kringum hugsanlegar veglínur á svæðinu og var tekið fyrir 300 metra svæði útfrá veglínunum, þ.e. 150 metra í báðar áttir. Í flestum tilfellum voru minjar sem voru fyrir utan þessa viðmiðun ekki skráðar.

Allir skráðir staðir voru mældir upp með differential gps stöð og einnig voru teknir staðsetningarpunktar á hverjum minjastað með gps mælitæki. Minjastöðunum var lýst og teknar ljósmyndir af hverjum stað.

4. SKRÁ YFIR FORNLEIFAR

Hver sýsla hefur skammstafað heiti og hver jörð hefur tvö númer í fornleifaskránni. Númerin eru komin úr annars vegar landsskrá Fasteignamats ríkisins (d. Brjánslækur: 139787) og hins vegar eins og það kemur fyrir í Jarðatal Johnsens frá 1847 (d. Brjánslækur: 94). Síðan fær hver minjastaður raðnúmer í skránni (d. BS-139787-94:001). Sé jörð með landsnúmer en ekki númer í Jarðatali Johnsens, flokkast allar fornleifar á jörðinni undir landsnúmer jarðarinnar og númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyrðu við ritun jarðatalsins.

Litlanes

BS-139638-81 Litlanes

"Jarðadýrleiki viii c og so tíundast 4 tíundum. Eigandi að hálfri jörðinni Þorgrímur Árnason að Bíldudal. Eigandi að hinum helmíngnum áður nefnt barn Helgu Árnadóttir að Flatey. Ábúandinn Jón Einarsson. Landskuld xl álnir í næstu 2 ár, áður um nokkur ár lx álnir, þar fyrir lxxx álnir, en sagt er að landskuld hafi verið hér að fornu 1 c. Betalast í landaurum eftir proportion." (Á.:M.VI.,bls.264)

BS-139638-81:001

65°34'02.2N 22°54'32.8V

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Býli

Staðhættir. Bæjarstæði Litlanes stendur í brekku undir Litlanesfjalli, syðst á nesinu.

Minjalýsing. Bæjarstæðið er á litlum hól og síðasta húsið sem stóð á hólnum samanstendur af fjórum hólfum. Húsið hefur verið grjóthlaðið og standa hleðslur grónar.

BS-139638-81:002

65°34'03.6N 22°54'35.6V

Hlutverk: Útihús

Tegund: Fjánhús

Staðhættir. Beint norður af bæjarstæðinu, í u.þ.b. 30 metra fjarlægð.

Minjalýsing. Rústin er tvíhólfa og með garði sunnan við.

BS-139638-81:003

65°34'04.4N 22°54'37.3V

Hlutverk: Útihús

Tegund: Óþekkt

Staðhættir. Norðvestur af nr. 2 stendur upp við kletta.

Minjalýsing. Rústin er útflött og gróin.

BS-139638-81:004

65°34'00.2N 22°54'30.2V

Hlutverk: Útihús

Tegund: Fjánhús

Staðhættir. Suður af bæjarstæðinu, á litlum hól.

Minjalýsing. Rústin samanstendur af þrem hólfum og hafa þau verið fjánhús, hlaða og hesthús.

BS-139638-81:005

65°34'07.9N 22°54'40.1V

Hlutverk: Rétt

Tegund: Stekkur

Staðhættir. Í u.þ.b 180 metra norður af bænum. Stendur alveg við þjóðveginn vestanmegin.

Minjalýsing. Rústin samanstendur af þrem hólfum og hafa þau verið fjárhús, hlaða og hesthús.

BS-139638-81:006

65°34'21.8N 22°54'48.9V

Hlutverk: Tóft

Tegund: Óþekkt

Staðhættir. Í u.þ.b. 700 metra norður af bænum er nes sem skagar út í fjörðinn. Nesið er gróið og þýft.

Minjalýsing. Svæðið er þýft en greinilega mótar fyrir tóft, þó erfitt að átta sig á útliti hennar.

BS-139638-81:007

65°35'03.2N 22°54'49.6V

Hlutverk: Tóft

Tegund: Óþekkt

Staðhættir. Norður af bænum, í tveggja kílómetra fjarlægð, er nes sem skagar út í fjörðinn. Gróið og þýft svæði.

Minjalýsing. Tóftin samanstendur af tveim tóftum, ein með þrjú hól en hitt með eitt. Hleðslur eru útflattar og grónar.

Kirkjuból

BS- 139612-80 Kirkjuból

"Jarðardýrleiki xii c, og so tíundast 4 tíundum. Eigandi barn Helgu Árnadóttir að Flatey. Ábúandinn Ketill Guðbrandsson. Landskuld í næstu 3 ár lx álnir, nokkur ár þar fyrir lxxx álnir, að fornu i c. Betalast í landaurum heim til landsdrottings." (Á.M.,VI.bl.264)

BS- 139612-80:001

65°34'56.9N 22°52'05.8V

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Býli

Staðhættir. Bæjarstæði Kirkjubóls stendur austanmegin á Litlanesi og liggur þjóðvegurinn að hluta yfir hólinn.

Minjalýsing. Stór hóll og á honum er grunnur af steinsteyptu húsi. Þjóðvegurinn virðist vera lagður yfir hann vestanmegin.

BS- 139612-80:002

65°34'55.6N 22°52'13.4V

Hlutverk: Útihús

Tegund: Óþekkt

Staðhættir. Vestan við þjóðveginn, u.þ.b. 80 metra frá bæjarstæðinu. Þýft svæði undir fjalli.

Minjalýsing. Rústin er lítil, útlött og rétt sést móta fyrir hleðslum.

BS- 139612-80:003

65°34'55.9N 22°52'13.3V

Hlutverk: Útihús

Tegund: Óþekkt

Staðhættir. Vestan við þjóðveginn, u.þ.b. 80 metra frá bæjarstæðinu. Þýft svæði undir fjalli.

Minjalýsing. Rústin er sporöskjulaga og eru hleðslur útflattar.

BS- 139612-80:004

65°34'56.0N 22°52'13.8V

Hlutverk: Útihús

Tegund: Óþekkt

Staðhættir. Vestan við þjóðveginn, u.þ.b. 80 metra frá bæjarstæðinu. Þýft svæði undir fjalli.

Minjalýsing. Rústin er tvíhólfa og virðist stærra hólfið vera niðurgrafið. Hleðslur útflattar og grónar.

BS- 139612-80:005

65°34'56.9N 22°52'13.4V

Hlutverk: Garðlag

Tegund: Túngarður

Staðhættir. Beint vestur af bæjarstæðinu, í u.þ.b. 60 metra fjarlægð. Vestan þjóðvegarins.

Minjalýsing. Garðurinn er gróinn og sést ógreinilega. Nær alveg að læk sem rennur frá fjallinu og meðfram bæjarstæðinu niður í fjöru.

BS- 139612-80:006

65°34'58.2N 22°52'12.2V

Hlutverk: Útihús

Tegund: Óþekkt

Staðhættir. Beint vestur af bæjarstæðinu, í u.þ.b. 60 metra fjarlægð. Vestan þjóðvegarins.

Minjalýsing. Rústin er tvíhólfa og eru hólfin opin í austur.

BS- 139612-80:007

65°34'59.6N 22°52'12.3V

Hlutverk: Útihús

Tegund: Fjánhús

Staðhættir. Svo til vest-norðvestur af bæjarstæðinu. Í u.þ.b. 86 metra fjarlægð.

Minjalýsing. Rústin samanstendur af fjárhúsi og hlöðu og standa hleðslur grónar.

BS- 139612-80:008

65°35'01.2N 22°52'04.3V

Hlutverk: Útihús

Tegund: Fjánhús

Staðhættir. Svo til vest-norðvestur af bæjarstæðinu. Í u.þ.b. 100 metra fjarlægð. Rétt norðan við 139612-80:007.

Minjalýsing. Rústin samanstendur af fjárhúsi og hlöðu og standa hleðslur grónar.

BS- 139612-80:009

65°34'57.5N 22°52'01.7V

Hlutverk: Útihús

Tegund: Óþekkt

Staðhættir. Austur af bæjarstæðinu, í u.þ.b. 50 metra fjarlægð. Þýft svæði.

Minjalýsing. Sést ógreinilega móta fyrir rúst. Ekki hægt að greina hólf vegna þess hve þýft svæðið er.

BS- 139612-80:010

65°34'54.6N 22°52'00.7V

Hlutverk: Verstaða

Tegund: Naust

Staðhættir. Suðaustur af bæjarstæðinu, u.þ.b. 80 metra. Stendur á bakka fyrir ofan fjöru.

Minjalýsing. Sést ógreinilega móta fyrir rúst. Ekki hægt að greina hólf vegna þess hve þýft svæðið er.

BS- 139612-80:011

65°34'54.6N 22°52'00.7V

Hlutverk: Verstaða

Tegund: Naust

Staðhættir. Suður af bæjarstæðinu og stendur rétt austan við þjóðveginn.

Minjalýsing. Sést ógreinilega móta fyrir rúst. Ekki hægt að greina hólf vegna þess hve þýft svæðið er.

BS- 139612-80:012

65°34'53.2N 22°52'09.5V

Hlutverk: Útihús

Tegund: Óþekkt

Staðhættir. Suður af bæjarstæðinu og stendur rétt austan við þjóðveginn.

Minjalýsing. Tóftin er tvíhólfa og gróin. Hleðslur útflattar.

BS- 139612-80:013

65°34'52.8N 22°52'09.0V

Hlutverk: Útihús

Tegund: Fjárhús

Staðhættir. Suður af bæjarstæðinu og stendur rétt austan við þjóðveginn.

Minjalýsing. Tóftin samanstendur af fjárhúsi og hlöðu. Tóftin er grjóthlaðin og standa hleðslur grónar.

BS- 139612-80:014

65°34'51.1N 22°52'13.6V

Hlutverk: Garðlag

Tegund: Túngarður

Staðhættir. Garðurinn er sunnan við bæjarstæðið, rétt austan við þjóðveginn.

Minjalýsing. Garðurinn er útflattur og gróinn.

BS- 139612-80:015

65°34'46.9N 22°52'16.3V

Hlutverk: Garðlag

Tegund: Túngarður

Staðhættir. Garðurinn er aðeins sunnar en nr. 14 og liggur svo til frá þjóðvegi og niður í fjöru.

Minjalýsing. Garðurinn er grjóthlaðinn og ógróinn.

BS- 139612-80:016

65°36'42.8N 22°49'06.9V

Heiti. Eiðshús

Hlutverk: Bæjarstæði

Tegund: Býli

Staðhættir. Víði gróinn tangi sunnan þjóðvegarins á þeim slóðum sem vegurinn beygir inn í Mjóafjörð.

Minjalýsing. Rústin sem stendur á tanganum er af fjárhúsi og hlöðu og stendur hún á hól.

BS- 139612-80:017

65°36'45.9N 22°49'02.6V

Heiti.

Hlutverk: Tóft

Tegund: Óþekkt

Staðhættir. Víði gróinn tangi sunnan þjóðvegarins á þeim slóðum sem vegurinn beygir inn í Mjóafjörð. Rústin er svo til mitt á milli Eiðshúsa og þjóðvegarins.

Minjalýsing. Rústin er tvíhólfa en erfitt að átta sig á henni þar sem að hún er að hluta til gróin víði.

BS- 139612-80:018

65°36'42.5N 22°49'07.4V

Heiti.

Hlutverk: Tóft

Tegund: Óþekkt

Staðhættir. Víði gróinn tangi sunnan þjóðvegarins á þeim slóðum sem vegurinn beygir inn í Mjóafjörð. Rétt sunnan við nr. 016

Minjalýsing. Ferhyrnd rúst með inngang fjörumegin. Útflött og gróin.

BS- 139612-80:019

65°36'37.5N 22°47'17.4V

Heiti.

Hlutverk: Samgöngubót

Tegund: Varða

Staðhættir. Rétt eftir að farið hefur verið yfir Eiðið sem skilur að Skálmarnes og meginlandið. Varðan stendur á klöpp norðan Þjóðvegarsins.

Minjalýsing. Grjóthlaðin, 1x1 meter.

Auðshaugur

Fornleifaskrá Auðshaugs er að finna í skýrslu um Vestfjarðarveg, frá Þverá í Kjálkafirði að Þingmannaá í Vatnsfirði. Fjórir minjastaðir eru teknir með í þessari skýrslu þar sem að þeir falla undir þann hluta vegagerðarinnar sem fjallað er um hér. Bent er á að þessir þrír staðir eru líka í seinni skýrslunni.

BS- 139779-90:004

65°35'47.2N 22°57'31.8V

Heiti. Haugssel

Hlutverk: Sel

Tegund: Sel

Staðhættir. "Neðst við sjóinn innan til við Þverá er sel; heitir Haugssel. Þar var haft veið fé frá Haugi haust og vor fram undir síðustu aldamót." Vestanmegin í Kjálkafirði er lítið grösugt nes norðanmegin við Þverá.

Minjalýsing. Gróin rúst stendur rétt við Þjóðveginn. Rústin er gróin og sjást greinilega tvö hólf.

BS- 139779-90:013

65°35'47.7N 22°57'26.8V

Heiti.

Hlutverk: Rétt

Tegund: Óþekkt

Staðhættir Vestanmegin í Kjálkafirði er lítið grösugt nes norðanmegin við Þverá. Rétt austan við Haugssel.

Minjalýsing. Sporöskjulaga grjóthlaðin rétt.

BS- 139779-90:014

65°36'04.5N 22°57'22.8V

Heiti.

Hlutverk: Samgöngubót

Tegund: Varða

Staðhættir Rétt áður en að komið er að Þverá. Á klettum austan við Þjóðveginn.

Minjalýsing. Varðan stendur um 1 x 1 meter og 1.50 m á hæð og er grjóthlaðin.

BS- 139779-90:015

65°35'00.7N 22°58'10.9V

Heiti.

Hlutverk: Sel

Tegund: Sel

Staðhættir Norðan við Barká u.þ.b. 300 metra vestur af Þjóðveginum. Svæðið er gróið lágvöxnum kjarrgróðri. Ein rúst er greinileg en líklegt er að aðrar leynist undir kjarrgróðrinum.

Minjalýsing. Sú rúst sem er greinileg er grasi vaxin og hleðslur standa í um eins meter hæð. Rústin er ferhyrnd en syðsti veggurinn er bogadreginn nyrst.

BS- 139779-90:016

65°33'47.7N 22°58'26.7V

Heiti.

Hlutverk: Sel

Tegund: Sel

Staðhættir Í u.þ.b. 2,5 km norður af Auðshaugi e minjastaður í miðri mýri sem sennilega hefur myndast eftir að Þjóðvegurinn var gerður.

Minjalýsing. Óreglulegt stórt minjasvæði og ekki sést greinilega móta fyrir herbergjum. Svæðið er mjög þýft en það eru þarna greinilega leifar af byggingum.

BS- 139779-90:017

65°33'50.7N 22°58'23.2V

Heiti.

Hlutverk: Sel

Tegund: Sel

Staðhættir Í u.þ.b. 2,5 km norður af Auðshaugi er minjastaður rétt austan við núverandi Þjóðveg. Minjastaðurinn er rétt norðan við 139779-90:016 og stendur undir hól.

Minjalýsing. Óreglulegt stórt minjasvæði og ekki sést greinilega móta fyrir herbergjum. Svæðið er mjög þýft en er greinilega leifar bygginga.

6. NIÐURSTÖÐUR

Við heimildakönnun á svæðinu frá Eiði að Þverá í Kjálkafirði fundust þrjár minjastaðir og við vettvangsvinnu fundust 24 staðir til viðbótar, þ.e. 96% aukning á minjastöðum.

Við Eiði í Kerlingarfirði fundust fjórir minjastaðir, varða (139612-80:019), tvær óþekktar rústir (139612-80:017 og 18) og Eiðshús (139612-80:016). Minjastaðirnir nr. 139612-80:016 og 18 eru á sama stað og má sjá þá á korti 1.

Á svæðinu frá Eiðshúsum að Kirkjubóli í Kerlingarfirði fundust engar minjar nálægt vegstæðinu. Við Kirkjuból liggur Þjóðvegurinn í gegnum bæjarstæðið og sker vegurinn sjálfan bæjarhólinn. Þó lítur svo út að vegurinn hafi verið lagður ofan á hólinn og hann

ekki grafinn í burtu. Nýja vegstæðinu er áætlaður staður nokkuð austar. Á Kirkjubóli voru skráðir 15 minjastaðir og eru þeir flestir fyrir neðan núverandi vegstæði (kort 2).

Frá Kirkjubóli að Litlanesi voru engar minjar skráðar nálægt vegstæðinu. Við bæjarstæði Litlaness voru skráðir fjórir minjastaðir og eru þeir allir nálægt núverandi vegstæði (≤ 50 m sjá kort 3 og 4). Norðan bæjarstæðis Litlaness er einn minjastaður nálægt núverandi vegstæði (139638-81:005) og er þetta stekkur.

Frá Stekkjarnesi og inn að Skiptá í Kjálkafirði fannst ein fornleif við Stekkjarnes og ein við Sel (kort 5). Þær eru ekki nærri núverandi vegstæði.


Við Þverá í Kjálkafirði fundust 3 minjastaðir, varða (139779-90:014), rétt (139779-90:013) og tóft (139779-90:004). Þessa staði má sjá á korti 6.

Einn minjastaður er rétt sunnan við Þverá og er hann nálægt framkvæmdarsvæðinu. Þetta er sel (139779-90:015) sem er staðsett nálægt opinni námu við Barká.


Vegagerð

Við athugun á fornleifum voru hafðar hugsanlegar veglínur til hliðsjónar og þegar athugun á vettvangi var gerð. Miðað við þessar veglínur gætu fornleifar við Kirkjuból og Litlanes verið í hættu. Ef ekki reynist hægt að verja fornleifarnar þá þarf að fá álit Fornleifaverndar ríkisins um hvort og með hvaða skilyrðum megi fjarlægja minjastaðina.

7. KORT




Kort 1. Minjastaðir við Eiðshús.




Kort 2. Minjastaðir við Kirkjuból.




Kort 3. Minjastaðir við Litlanes.



Kort 4. Minjastaðir á Stekkjanesi norðan við Litlanesbæinn.



Kort 5. Minjastaðir á Seli norðan Litlanesbæjarins.



Kort 6. Minjastaðir við Þverá í Kjálkafirði.



Kort. 7. Minjastaðir norðan Auðshaugs.

8. HEIMILDASKRÁ

Árni Magnússon og Páll Vídalín, *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. VI. bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1984.

Diplomatarium Islandicum, Íslenzkt fornbréfasafn. I-XI. Hið íslenska bókmenntafjelag, Reykjavík, 1906-13.

Íslendinga sögur I., Landnámabók, Guðni Jónsson ritstjóri, 12 bindi, bindi I, Reykjavík, Íslendingasagnaútgáfan, 1981.

Íslendinga sögur V., Gísla saga Súrssonar, Guðni Jónsson ritstjóri, 12 bindi, V, Reykjavík, Íslendingasagnaútgáfan, 1981.

J. Johnsen, *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn, 1847.

Sigurður Vigfússon, "Rannsókn um Vestfirði, einkannalega í samanburði við Gísla sögu Súrssonar." *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1883*, Reykjavík 1980.

Sigurður Vigfússon, "Rannsókn á Vestfjörðum 1888," *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1888-1892*, Reykjavík 1980.

Sóknarlýsingar Vestfjarða. I. Barðastrandasýsla. Samband vestfirzkra áttthagafélaga. Reykjavík, 1952.

Sóknarlýsingar Vestfjarða. II. Ísafjarðar- og Strandasýslur. Samband vestfirzkra áttthagafélaga. Reykjavík, 1952.

Þjóðminjalög nr. 107, 31. maí 2001.

Óprentaðar heimildir

Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Fjarðar

Örnefnaskrá Kirkjubóls.